



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Efnahags- og viðskiptanefnd
Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

SA/

Rvk. 4.12.2003

Dingsályktunartillaga um afnám verðtryggingar af fjárskuldbindingum, 99. mál

Dingsályktunartillagan felur í sér að viðskiptaráðherra skipi nefnd sem:

- Leggi mat á afnám verðtryggingar í áföngum;
- meti áhrif afnáms verðtryggingar á fjármálamarkað og fjárskuldbindingar heimila og atvinnulífs;
- setji m.a. fram áætlun til nokkurra ára um afnám verðtryggingar miðað við mismunandi verðbólguþig og forsendur Seðlabankans um verðbólguþig;
- skoði kosti og galla þess að afnema verðtryggingu á inn- og útlánum á áföngum;
- skoði kosti og galla þess að lántakendum bjóðist val á milli lána með og án verðtryggingar.

Útbreidd notkun verðtryggingar á rætur sínar rekja til langrar verðbólguþig sögu íslensks atvinnulífs og mikilli verðbólguþig tilhneigingu. Verðbólga er nú ekki jafn mikill skaðvaldur hér á landi og áður var en það þýðir ekki endilega að það sé þjóðhagslega hagkvæmt að afnema verðtryggingu inn- og útlána. Í lögum eru takmarkanir á notkun verðtryggingar til skemmri tíma. Afnám verðtryggingar gæti dregið úr skilvirkni lánakerfisins með því að loka fyrir þann möguleika að lánveitandi og lántakandi geti gert með sér verðtryggða samninga ef það hentar þeim. Verðtrygging getur stuðlað að auknu framboði sparifjár og skapað möguleika fyrir fjárfesta og sparifjäreigendur að eiga viðskipti sín í milli og þar með skapast ný tækifæri.

Kjör verðtryggðra lána fela eðli máls samkvæmt ekki í sér neitt óvissuálag í vöxtum vegna verðbólguþig hættu og eiga því vextir þeirra, að viðbættum verðbótþig þig, að bera lægri vexti en óverðtryggð útlán. Þannig stuðlar verðtryggingin að betri lánakjörum lántakenda en ella.

Verðtryggð bréf geta jafnframt veitt upplýsingar um verðbólguþig væntingar sem eru mikilvægar upplýsingar stjórnendur efnahags- og peningamála. Búast má við að smám saman muni lánamarkaðurinn draga úr notkun verðtryggingar með auknu trausti á íslensku efnahagslífi og aukinni alþjóðavæðingu en að öllu jöfnu telur SA að lögbundnar hömlur séu til þess fallnar að draga úr skilvirkni markaðarins.

Samtök atvinnulífsins sjá af ofangreindum ástæðum ekki efni til nefndarskipunar með þau verkefni sem tíunduð eru í tillögunni.

Virðingarfyllst,

Hannes G. Sigurðsson

aðstoðarframkvæmdastjóri